



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Apr 2006

3. töl. 13. árg.

Meðal efnis:

Unglingastarfið

- *Hvað er framundan?*

Vetrarstarfið

- *Kvöldið fyrir Sumardaginn fyrsta*

Efnilegasta silungaflugan 2006

- *Muna að skila á réttum tíma*

Landssamband Stangaveiðifélaga

- *Fréttir af Landssambandinu*

Takið Eintak



Frábær mæting var á fyrirlestur Garðars Scheving um veiðisvæði Þingvallavatns. Sjáið myndirnar á bls. 10.



Fylgst með unglingunum á opnu húsi; þeir verða að gera þetta rétt frá upphafi.

Hvar átt þú að vera miðvikudaginn 19. apríl?
Upplýsingar á bls 11

AGNIÐ

Útg.: Stangveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórn: Evar Ágústsson
Sími: 6699240

Prentun: Steinmark - www.steinmark.is

Ritstjórnin

Sælir veiðimenn!

Hvenær á að byrja?

Nú er stangveiðitímabilið formlega runnið upp. Eitthvað hef ég séð á þeim vefum sem fylgjast stöðugt með að jú menn eru farnir að fá eitthvað þegar búið er að "brjóta út lykkjunum". Ég hef líka oft verið spurður að því af hverju ég sé ekki byrjaður að veiða strax og opnar. Ég hef yfileitt ekki byrjað fyrr en um mánaðarmótin apríl / maí og finnst það bara nokkuð góð tímasetning. Oft



er það þannig að fiskurinn er svo hungraður að hann tekur nánast allt?, er þá ekki betra að byrja aðeins seinna og jafna þá leikinn?, þá er líka ágætt að hafa 3 ástæður til að stunda stangveiði, júní, júlí og ágúst. Þó kemur það nú fyrir að september og október slæðast inn í veiðitímabilið líka.

Það er með þetta efni !!

Í síðasta blaði og sennilega nokkrum þar á undan hef ég verið að óska eftir efni frá ykkur. Eitthvað hef ég fengið af myndum, en hvernig er með allar veiðisögurnar? Lumið þið ekki á einni og einni? Hún þarf ekki að vera 100% sannleikanum samkvæm en þó sem næst því. Það væri ágætt að eiga eina og eina sögu til að skjóta inn í blaðið ykkar félagar góðir, munið þetta er jú blaðið okkar allra í félaginu. Hvernig væri nú að hver og einn ykkar myndi setja saman eina sögu og senda mér? Þá ætti ég veiðisögur í næstu ja 300 tölublöðin, það er bara stórkostleg hugmynd ef svo yrði. **Eigum við að láta hana verða að veruleika?**

Kveðja;

Evar

Samkomusalur félagsins

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan. Hann er mjög heppilegur fyrir smærri veislur og samkvæmi með sæti fyrir allt að 70 manns.

Sigríður - hs: 565-3602

GSM: 892-3037

Ármann - vs: 565-4060



Formaðurinn

Frá formanni!

Jæja góðir félagar og stórveiðimenn, þá er úthlutun og afhendingu veiðileyfa lokið og senn fara óseld leyfi í sölu á agn.is. Það var vel sótt um í Hlíðarvatni, ég minnst þess ekki undanfarin ár að svo fáir dagar hafi verið eftir í boði í júlí, (auðvitað allt farið í maí og júní) en það er þó nokkuð af lausum leyfum síðsumars og í haust. Þá seldust vel á fjórða tug veiðikorta sem er langt umfram það sem við bjuggumst við, líklega hefur tilkoma Þingvallavatnsins haft mikið um það að segja og ég yrði ekkert hissa á því að fleiri kaupi kortið næsta ár. Þetta er stórsniðugt fyrirbæri fyrir þá sem eru á flakki um landið og langar til að bleyta færi með litlum fyrirvara og lítilli fyrirhöfn.

Á dögnum var kynning Garðars Schevings á veiði í landi Þjóðgarðsins við Þingvallavatn, það er skemmst frá að segja það var troðfullt útúr húsi og stóðu menn nánast út á götu, um 70 veiðimenn skemmtu sér ágætlega við lifandi lýsingar Garðars.

Undanfarin ár hefur heldur fækkað félögum eða staðið í stað, en nú sjáum við þá ánægjulegu staðreynd að um talsverða fjölgun er að ræða og er það gríðarlegt fagnaðarefni, okkur vantar einungis nokkra hausa til að fylla þriðja hundraðið, en vorum komnir niður í á milli 260 – 270, svo nú er um að gera að halda áfram að smala!!

Vorverkin eru framundan, lokahófið auðvitað á sínum stað en áður verður ein kynning frá Sportvörugerðinni og hvet ég alla til að mæta. En svo er það hreinsunin í Hlíðarvatni, með hefðbundnum hætti og að auki verður reist ný há og glæsileg fánastöng undir dyggri handleiðslu Óla í Fitjakoti, en það er þörf á vöskum höndum til að grafa fyrir undirstöðum og steypa þær niður. Óvíst er á þessari stundu hvort ráðist verður í frekari framkvæmdir, en við höfum lengi haft hug á að reisa stakka-/vöðlugeymslu utan á húsið (reyndar í Djúpavatni líka) en þetta er talsverð vinna, losa upp pallinn og ýmislegt fleira, við sjáum til.

Aðal sumarverkefni félagsins verður við Kleifarvatn þar sem við munum ráðast í stórfelldar lagfæringar á vegarslóðunum bæði norðan og sunnan við vatnið, alveg út í hraun, en meiningin er jú að auðvelda mönnum aðgengi að veiðistöðum allt í kringum vatnið, því talsvert er af fiski í vatninu, það er óumdeilt, það vantar bara fleiri veiðimenn. Einnig munum við sleppa um 10 þúsund árgömlum urriðaseiðum af Þingvallastofni og merkja um helming þeirra, vonandi náum við upp góðri veiði í þessu magnaða vatni sem er hér í túnfæti okkar hafnfirðinga. Og nú er byggðin jú að teygja sig lengra og lengra í áttina að Kleifarvatni og því enn styttra fyrir Vallabúa að skjótast kvöld og kvöld í veiði. En nú er vorveiðin hafin og vona ég að þið góðir félagar eigið góðar stundir á vatnsbökkum í vor.

Kv. "Kallinn"

Uppskriftin

Nú erum við svo ljónheppin að hafa komist yfir uppskrift af silungabollum frá henni Sigu okkar Hrólfs ... og þökkum kærlega fyrir hana þessa.

Bleikju bollur, m/kókos og læm/lauk sósu

500 gr bleikja (roð og beinlaus)

1 egg


1 limóna (safi og rifinn börkur)

1 tsk kóríander

3 msk brauðrasp

salt og pipar (smakka til)

Hrært saman í matvinnsluvél,
mauka vel



2-3 dl kókosmjöl (gróft)

Olía eða smjör til að steikja bollurnar.

Bollunum velt upp ur kókos og steiktar

í feiti allan hringinn, lagðar á pappír.

Hægt að gera daginn áður og hita í ofni

Sósa.

1 dós sýrður rjómi.

Út í sýrða rjómann er sett það sem hverjum líkar:

a - (lauksúpa og 3 msk mjólk) eða

b - (læm safi og fínt rifinn börkur) eða

c - (slurkur af frönsku sinnepi og brytjaðir sólþurrkaðir tómatar)

Sósan alltaf betri gerð daginn áður.



FJARÐARKAUP
Verslun Veiðimannsins

Munið: **Efnilegustu Silungafluguna 2006**
Lokaskil eru **6. apríl**, ss núna á fimmtudaginn.

uSVH, Unglingadeild SVH:

Framundan er:

11. apríl - Hnýtingar

25. apríl - Förun yfir búnaðinn fyrir sumarið

29. apríl - Hreinsunarferð í Hlíðarvatn

16. maí - Veiðisþjall - Video

Fagleg og góð þjónusta

RE/MAX[®]
STJARNAN 



RE/MAX Stjarnan
Bæjarhrauni 6
220 Hafnarfjörður
Sími: 517 3629
Fax: 517 3630
Farsími: 697 3629

Fréttir frá Landssambandi Stangaveiðifélaga

Undanfarin ár geta ekki talist blómleg í starfi Landsambands stangaveiðifélaga og hefur starfsemin að mestu snúist um að halda aðalfund og standa fyrir Veiðidegi fjölskyldunnar og án þess að gera lítið úr því eða öðru sem gert var, en ljóst að LS má muna fífil sinn fegri og nægir að vitna til stórra þinga sem haldin voru um helgar með viðamikilli dagskrá og fjölda fundargesta. En líkt og með marga aðra starfsemi fjaraði undan starfinu í harðri samkeppni um frítíma veiðimanna. Undirritaður hefur setið fyrir hönd SVH í stjórn LS s.l. 2 ár og á síðasta aðalfundi var kosin stjórn sem settist niður og ákvað að líðandi vetur skyldi ráða úrslitum um framtíð sambandsins, annað hvort að bretta ærlega upp ermar eða leggja það niður, a.m.k. í núverandi mynd. Úr varð að menn ákváðu að snúa saman bökum og reyna að reisa LS til vegs og virðingar, því verkefnin væru næg, t.a.m. berjast fyrir upptöku (eða uppkaupum) netalagna í straumvatni, reyna að hafa áhrif á gengdarlaust óhóf í verðlagningu veiðileyfa, koma af stað faglegru umræðu um umgengni um þessi hlunnindi sem íslensk veiðisvæði sannarlega eru, þjappa saman starfandi stangaveiðifélögum og stuðla að samstarfi þeirra og samheldni. Margt fleira má nefna eins og sjá má á meðfylgjandi mynd (bls.: 8), sem ætluð er til að móta framtíð sambandsins.

Stangaveiðifélögin; Búið er að taka saman lista yfir starfandi stangaveiðifélög á landinu og eru þau fleiri en menn héldu, verið er að vinna þessa skrá og ætlunin að gefa hana út á tölvutæku formi með helstu upplýsingum um félögin og senda svo út til aðildarfélaga og ekki síður til þeirra félaga sem í dag standa utan LS. Með þessu eru meiningin að auðvelda félögunum samvinnu og samstarf af ýmsum toga og þjappa þeim saman, enda veitir ekkert af í samkeppni um veiðisvæði og veiðimenn.

Netamálið; Þetta er eitt af stóru málunum, eins og menn eflaust vita tókst SVFR ekki að semja við netabændur við Hvítá /Ölfusá um uppkaup netalagna. Þetta er ekki fyrsta tilraunin sem fer forgörðum og ljóst er að þessir tiltölulega fáu netabændur er gríðarlega öflugir innan sinna vébanda. Núna liggja fyrir þingi frumvörp til laga um lax og silungsveiðar, um Veiðimálastofnun ogfl. Stjórn LS hefur í allan vetur verið að beita sér í þessu máli, haft samband við þingmenn og jafnvel ráðherra, okkur hefur verið lofað áheyrn fyrir Landbúnaðarnefnd Alþingis þar sem við munum leitast við að varpa ljósi á málið frá sjónarhorni stangaveiðimanna. En málið snertir sannarlega fleiri, skýrsla sem unnin var af Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands sýnir með óbyggjandi hætti að verðmæti stangarveidds lax eru margföld á við netaveiddan, séu "tekjur í héraði" metnar, í nýlegri ræðu Björvins Sigurðarsonar á Alþingi kom einnig fram að u.þ.b. 50 % af tekjum bænda í uppsveitum Borgarfjarðar má rekja til stangaveiðinnar ...framhald ..

Fréttir frá Landssambandi Stangaveiðifélaga framh.

en einungis um 5 % af tekjum bænda á vatnasvæði Ölfusár/Hvítár, þetta eru því einnig gríðarlegir hagsmunir í sveitum landsins.

Auðvitað verða menn einnig að skilja að ekki er hægt að afnema hlunnindi af þessu tagi öðru vísi en bætur komi fyrir, það er alveg ljóst. En kannski er líka til einhver millivegur á málinu, það mætti setja miklu meirir hömlur á netalagnir, t.d. banna þær viku fyrir og eftir stórstraum, ákveðinn hluta sumars og m.fl. er hægt að gera. Ein af rökum netabænda eru þau að þessar veiðar séu ekki eingöngu stundaðar í ábataskyni og þannig væri jú hægt að koma til móts við þá og leyfa þetta takmarkað í ánægjuskyni??

Málþing; Á næstunni mun LS efna til málþings um þessi frumvörp sem nefnd eru hér að ofan, þar verða frummælendur úr hópi þingmanna, stangaveiðifélaga, Landsambandi veiðifélaga og ferskvatnsbænda, og á eftir verða pallborðsumræður. Vil ég nota þetta tækifæri til að hvetja menn til að fylgjast með auglýsingum og mæta, þetta verður án efa afar fróðlegt og gæti einnig orðið ansi fjörugt, **veiðimenn fjölmenum!!!**


Veiðisýning; Laugardaginn 6. maí verður haldin veiðisýning í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði (hvar annarsstaðar?) þar munu veiðibúðir sýna það nýjasta og flottasta fyrir sumarið og stangaveiðifélögin kynna starfsemi sína. Ennfremur verður aðstaða til að prófa hinar ýmsu stangir og línur í helmingi salarins, jafnframt verða kynnt úrslit í hnýtingarkeppni LS og Veiðihornsins um "Leynivopnið 2006", ýmislegt fleira verður á dagskrá og hvet ég alla félagsmenn SVH að fjölmenna og taka með sér gesti, verði verður stillt í hóf, aðeins 500,- krónur og frítt fyrir börn undir 14 ára. Það er von okkar að þessi sýning verði að reglubundnum viðburði fyrir veiðimenn og því mikið í húfi að vel takist til og fjöldi gesta mæti, **sjáumst þar!!!!**

Veiðidagur fjölskyldunnar; Hann verður í ár með hefðbundnu sniði, fjöldi vatnasvæða verður opinn almenningi að kostnaðarlausu, það er um að gera að mæta nú með alla familíuna og veiða, það finnst varla skemmtilegra fjölskyldusport. Þessi dagur verður auglýstur nánar í næsta Agni og svo með bæklingi og í fjölmiðlum þegar nær dregur.

Hér að framan hefur verið stiklað á stóru í starfi Landsambands stangaveiðifélaga og vona ég að menn séu nokkru nær um sambandið.

Hans Ólason ritari stjórnar L.S.

Hlutverk og stefna Landssambands Stangveiðifélaga





LÉTTIR, KRAFTMIKLIR OG SPARNEYTNIR.

Suzuki býður uppá úrval af litlum og meðfærilegum fjörgengis utanborðsmótörum sem henta vel litlum bátum. Allt frá tveggja strokka mótora eins og DF15 og DF9.9 til léttara og meðfærilegra eins strokka mótora líkt og DF6, DF5, DF4 og DF2.5. Allir þessir mótórar eru fullir af nýjustu tækni sem gera bátsferðina þín ánægjulegri í alla staði.

Nýr DF2.5 er einstaklega lífill og meðfærilegur fjörgengis mótör, enda aðeins 13kg. sem gerir alla flutninga og geymslu einstaklega þægilega. Ekki skemmir fyrir að fjörgengis Suzuki utanborðsmótórar eyða minna en sambærilegir tvígangis mótórar.



THE
ULTIMATE
4-STROKE OUTBOARD

EURO 1
EMISSIONS STANDARDS



SUZUKI UMBODIÐ EHF
KAPLAHRAUN 1, 220 HAFNAFJÖRDUR
SÍMI: 565 1725, WWW.SUZUKI.IS

Vetrarstarfið



Frábær mæting var þegar Garðar Scheving var með fyrirlestur um veiðisvæði Þingvallavatns, þann 23 mars s.l. Setið var alls staðar, enda um 70 manns mættir. Ánægjulegt væri að sjá oftar svona mætingu hjá okkur á fyrirlestra.



Miðvikudagur 19. apríl 2006

"Kvöldið fyrir Sumardaginn Fyrsta"
Lokahóf SVH

Mæting kl: 20:00 að Flatahrauni 29.
Að sjálfsögðu verður happadrættið á
sínum stað og barinn verður opnaður.
Við fáum einhverja stórkostlega
gesti til að halda uppi fjörinu (alvöru
leynigestir).

Svo er það helgin 29. og 30. apríl

Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn

Þá mæta allir
og leggja sitt af
mörkum til að
halda öllu í góðu
horfi á svæðinu,
fá svo að bleyta
í færunum í
lokin.



Sérfræðingar í fluguveiði



PRO SHOP

**Sportvörugærdin hf.,
Skiopholti 5, s: 562 8383
www.sportvorugerdin.is**